

110. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 3. apríl 2006 kl. 18:00 í kaffistofu Tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sævar Harðarson, Margrét Ásgeirsdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri.

1. Skýrsla skólastjóra.

Miðannartónfundum er lokið og einnig stigsprófum. Fjórir nemendur tóku grunnpróf og tveir nemendur miðpróf. Einn nemandi mun taka framhaldspróf á píanó og tveir nemendur halda framhaldsprófstónleika. Fjöldi nemenda eru einnig að taka millistigspróf um mánaðamótin apríl – maí.

Ákveðið er að halda Risasamspilsdag þar sem allir nemendur ásamt kennurum koma til með að spila saman og verður hann haldinn 10. maí.

Skólastjóri skýrði frá fundi með skólastjórum tónlistarskólanna á Vesturlandi þar sem meðal annars var rætt um áframhaldandi tónleika Tón-Vest sem verða haldnir næst í Stykkishólmi með aðeins breyttum áherslum.

Skólinn hefur fjárfest í fartölvu sem er nauðsynlegt tæki til tónlistarkennslu og vinnslu.

Mikið og gott starf hefur verið í lúðrasveitinni og hafa verið æfingabúðir bæði hjá yngri og eldri deild.

Kennarar og nemendur tóku þátt í minningartónleikum um Sigrúnu Jónsdóttur sem þóttu takast vel.

Kennarar tónlistarskólans fara í náms- og kynnisferð til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Minneapolis á næsta skólaári.

Rætt var um forskólakennslu og þörf á að festa komist á blokkflautukennslu í grunnskólanum.

Umræður urðu um gjaldskrá tónlistarskólans.

2. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 19:30.

Sævar Harðarson (sign.), Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.), Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).